

## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð

Föstudaginn 11. ágúst, kl. 15:00, Framvegis, Skeifunni 11

Mættar: Helga Tryggvadóttir, Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á Skype.

1. Stefnumótunarmál, keyra þarf skýrsluna af stað. Við höfum lært mikið af Guðrúnu Birnu og fengið góð sambönd í gegnum hana. Samþykkt var að klára skýrsluna í hennar nafni. Starfshópur sem myndaður var í vor heldur áfram. Þurfum að hafa samband við ráðuneyti vegna greinagerðar sem send hefur verið á þau. Búið að tala við FRÆ vegna upplýsingasíðu / heimsíðu.
2. Stéttarfélagsmál, ákvörðun frá Aðalfundi 2017 stendur. Það á að tengja stéttarfélagsmál við PR/ímyndarmál. Þurfum að „re-branda“ fagið okkar samhliða stefnumótuninni. Systa hittir upplýsinga- og kynningarnefndina sem mun vinna í þessu. Það þarf að gera lýsandi slagorð og finna þekkt fólk fyrir myndbönd. Klára rafrænan bækling sem hver og einn getur prentað út.
3. PR mál, sjá lið 2.
4. Verkefni Jafnréttisstofu. Ingibjörg er ekki búin að heyra frá Þuríði hvort hún haldi áfram.
5. Fjármál. Í byrjun nýs starfsárs þurfum við að ákveða fjármagn á nefndir, sérstaklega fræðslunefnd.
6. NFSY. Síðasti fundur var 5. maí. Búið er að fastsetja næstu þrjá fundi. Næsti fundur er 3. – 4. nóvember. NFSY er sjálfstætt félag fyrir utan FSN og eru fjármálin óháð FSN. Á næsta fund koma tveir fulltrúar frá Finnlandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð. Álandseyjar og Grænland eru í félaginu en hafa ekki mætt vegna fjárhagsörðuleika. Við erum með formennskuna í ár og því geta fleiri mætt frá Íslandi. Undirbúningurinn er í fullum gangi. Vorfundur verður haldinn í apríl. Haustfundur 2018 verður haldinn í Gautaborg í október í tengslum við ráðstefnu IAEVG. Hægt er að sækja um styrk frá KÍ fyrir NFSY, það þarf að athuga hvernig sótt er um. Þarf að hafa fjármál FNS og NFSY aðskilin og því þarf að sækja um bankakort fyrir NFSY.
7. Önnur mál
  - a. Dagur náms- og starfsráðgjafa 2017: 26. og 27. október. Það þarf að minna félagsmenn á að taka hann frá. Ingibjörg sendi tölvupóst á alla félagsmenn í byrjun sumars. Ingibjörg þarf að heyra í fræðslunefndinni hvernig skipulagið gengur.

Næsti fundur 18. september kl. 9:00 – 10:30 í HR

Fundi slitið kl. 16:00, boðið var upp á léttar veitingar á fundinum

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir